

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100042

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um sjöttu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008
um ráðstöfun eigna og skulda
Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 14. október 2008 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta. Reynst hefur nauðsynlegt að fresta endanlegu uppgjöri á milli Nýja Glitnis banka hf. (nú Íslandsbanki hf.) og Glitnis banka hf. eins og nánar er tilgreint í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins þann 6. mars 2009 og 15. maí 2009. Í síðastnefndu ákvörðuninni er kveðið á um að endanleg ákvörðun um frest yrði tekin eigi síðar en þann 15. júní 2009. Viðræður standa nú yfir milli eiganda Íslandsbanka hf. og skilanefndar Glitnis banka hf. um endanlegt uppgjör á milli þeirra. Ljóst er að tíma þarf til að ganga frá endanlegum skilmálum fjármálagerningsins á milli aðila vegna umfangs og eðlis uppgjörsins. Mikilvægt er að hlutaðeigandi aðilar fái tækifæri til að kynna sér þau gögn og þær upplýsingar sem liggja fyrir, þ.m.t. skýrslur varðandi mat á eignum sem ráðstafað var. Við ákvörðun frestsins er að álti Fjármálaeftirlitsins mikilvægt að horfa til þess að Íslandsbanki hf. hefur hafið starfsemi og brýnt er að staða hans vegna uppgjörsins verði skýr og að forsendur efnahagsreiknings liggi fyrir sem fyrst. Af þessum ástæðum hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að veita endanlegan frest til 17. júlí 2009. Ákvörðun er nú tekin um að breyta 12. tl. fyrri ákvörðunar og skal hann hljóða eins og í ákvörðunarorði segir.

ÁKVÖRÐUN:

Skilmálar fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. (áður Nýi Glitnir banki hf.) skulu liggja fyrir af hálfu aðila eigi síðar en þann 17. júlí 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

15. júní 2009.



Gunnar P. Andersen
Forstjóri



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar